

Fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Þingeyinga bs. haldinn í stjórnarsýsluhúsi Norðurþings á Húsavík 26. mars 2018 kl. 13:15.

Fundinn sátu framkvæmdastjórar aðildarsveitarfélaga HNP bs.; Dagbjört Jónsdóttir, Elías Pétursson (á Skype), Kristján Þór Magnússon, Sigurður Þór Guðmundsson (á Skype), Steinþór Heiðarsson og Þorsteinn Gunnarsson. Einnig sat fundinn Reinhard Reynisson framkvæmdastjóri HNP bs. og ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stjórnaði honum, þetta gerðist:

### 1. Ársreikningur 2017

Þar sem skoða þarf betur uppreikning á áföllnum lífeyrisskuldbindingum er ársreikningur ekki tilbúinn og málinu því frestað.

### 2. Erindi frá Matarauð Þingeyjarsýslu

Formaður kynnti erindi sem borist hafði um stuðning sveitarfélaganna sem standa að HNP bs. við verkefni sem snýr að því að efla smáframleiðendur í matvælaframleiðslu á svæðinu, koma á hagkvæmum dreifleiðum framleiðslunnar og efla markaðssetningu þeirra. Framkvæmdastjórn telur þetta metnaðarfullt verkefni en þó óljóst um hvaða stuðning sé verið að fara fram á. Þess utan eigi verkefnið frekar heima undir merkjum Þingeyska matarbúrsins og þá m.a. með stuðningi frá atvinnuþróunarfélaginu. Það sé ekki hlutverk héraðssjóðs að styðja með beinum hætti við einstök atvinnuþróunarverkefni.

### 3. Erindi frá N4

Fyrir liggur bréf frá N4 þar sem óskað er eftir viðræðum um aðkomu aðildarsveitarfélaga HNP bs. að þáttagerð undir heitinu *Atvinnuþúlsinn* sem sýndir hafa verið á sjónvarpsstöðinni, s.s. varðandi kostun og fl. Erindinu hafnað að svo stöddu en framkvæmdastjóra falið að ræða möguleg efnistöð við bréfitara.

### 4. Undirbúningur vegna gildistöku nýrra persónuverndarlaga

Rætt almennt um stöðuna hjá sveitarfélögunum en Norðurþing er leiðandi á svæðinu í vinnunni, m.a. vegna samstarfssamnings sveitarfélaganna um félags- og skólaþjónustu. Starfsmenn stjórnarsýslu Norðurþings sem vinna að málinu eru aðgengilegir fyrir hin sveitarfélögin og forsvarsmenn sameiginlegra stofnana sveitarfélaganna í héraði varðandi þá vinnu sem nauðsynleg er vegna þessa.

Þorsteinn Gunnarsson vék af fundi að loknum þessum dagskrárlið.

### 5. Drög að samþykktum fyrir AP ses. – sbr. bókun fulltrúaráðs 8. nóv. 2017

Farið yfir drög að samþykktum fyrir AP ses. sem framkvæmdastjóri hefur unnið á grundvelli samþykktu atvinnuþróunarfélagsins og nýlegra samþykktu sambærilegrar

sjálfseignarstofnunar. Rætt um meðferð á eignarhlutum einstaklinga og fyrirtækja í atvinnuþróunarfélaginu við formbreytinguna en ljóst er að það er úrlausnarefni stjórnar félagsins og hluthafa þess. Að yfirferð lokinni samþykkti framkvæmdastjórnin fyrir sitt leyti drögin eins og þau liggja fyrir.

## 6. Önnur mál

- a) Kristján Þór fór yfir aðgerðir sem styrkja munu bakvakt vegna barnaverndar og félagsþjónustu á svæðinu og gott samstarf við lögreglu um þau mál. Einnig greindi hann frá nýráðningu félagsmálastjóra.
- b) Rætt um væntanlegar breytingar á matarþjónustu í Hvammi sem hækka mun þjónustustig, bæði gagnvart íbúum og þeim sem búa í heimahúsum. Þá er þess að vænta að frekari uppbygging á hjúkrunarrýmum fari að komast á framkvæmdastig.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:35